

2

0

2


2

Flugmódelárid











Forsíðumyndin er af Espen Torp landsliðsþjálfara F3F landsliðs Íslands að skutla sviðflugu í loftið á heimsmeistaramótinu í Danmörku, sjá umfjöllun á blaðsíðu 28.


Myndir á opnu frá Iceland Open F3F, sjá umfjöllun á blaðsíðu 6.



ÚTGEFANDI
Frettavefur.net

RITSTJÓRI
Sverrir Gunnlaugsson

LJÓSMYNDIR
Sverrir Gunnlaugsson
nema annars sé getið



Hafðu samband

FRETTAVEFUR.NET
Klukkuvöllum 10
221 Hafnarfirði

NETFANG
ritstjori@frettavefur.net

Fréttavefur.net © 2022
Allur réttur áskilinn.
Prentað í Evrópu.

ISSN 2298-8203

RITSTJÓRARAUS



Fréttavefurinn birtist fyrst á internetinu árið 1999 og 2004 var svo opnað fyrir spjallborð flugmódelmanna.

Líttu endilega við á <https://frettavefur.net> og fylgstu með því helsta sem er að gerast í sportinu bæði hér heima og erlendis.



P á hefur áttunda tölublaðið af tímariti Fréttavefsins litið dagsins ljós. Eftir að Covid hætti að hrekkja okkur snemma á árinu þá var nóg að gera í flugmódel sportinu.

Talsvert var um samkomur og mót og verður gerð grein fyrir þeim á síðum blaðsins. Þar ber helst að nefna Iceland Open F3F, Kríumótið, Flotflugkomu FMS, Stríðsfuglaflugkomu Einars Páls, Piper Cub flugkomuna, flugkomu FMFA á Melgerðismelum, Stórskaflflugkomu Einars Páls, Íslandsmótið í hangi (F3F), Íslandsmótið í hástarti (F3B) og heimsmeistaramótið í hangi sem fram fór í Danmörku.

Dagana 29. apríl til 1. maí var loksins komið að því að halda Iceland Open F3F eftir að hafa þurft að fella það niður 2020 og 2021 vegna Covid. Höfðu 30 keppendur af 10 þjóðernum skráð sig til leiks en þegar til kastanna kom þá helltust ansi margir úr lestinni enda ekki komið full ferðafrelsi alls staðar og önnur heimsmál voru einnig að trufla. En átta keppendur hófu sig til flugs og gekk mótið mjög vel og voru 20 umferðir flognar.

Almennt var sumarið nokkuð gott fyrir flugmódelmenn og eftir 2 ár af Covid var orðið ansi gott að geta hist aftur augliti til auglitis.

Hægt er að nálgast tímaritið sem rafrænt niðurhal á vefnum og eru flugmódelmenn hvattir til að dreifa tenglinum áfram til vina og vandamanna ásamt hverjum þeim sem kynni að hafa áhuga og gaman af að fræðast aðeins um áhugamálið okkar!

Slóðin er: <https://frettavefur.net/timarit/>

SVERRIR GUNNLAUGSSON
Ritstjóri

ICELAND OPEN F3F 2022



Eins og einhverjir kannski vita þá stóð fyrst til að halda Iceland Open F3F á því herrans ári 2020 en ákveðin lítil veira setti strik í reikninginn eins og með fjölmargt annað á þessari jörð okkar. Aftur var reynt 2021 en enn reyndist veiran á ferðinni en allt er þá þrennt er og í þriðju tilraun 2022 tókst að loksins að halda mótið. Það var þó búið að saxast á keppendahópinn en upphaflega voru 30 keppendur, frá níu þjóðum, skráðir til leiks og fimm á biðlista þegar mest var en þegar upp var staðið þá mættu átta keppendur til leiks.

Föstudagurinn byrjaði við Hamranesið en var full rólegur og datt vindurinn niður rétt fyrir 9 og var dúnalogn fram eftir morgni og þó aðeins byrjaði að blása í kringum hádegjið var það hvergi nærri þeim 3 m/s sem þarf svo hægt sé að keppa. Dagurinn var því blásinn snemma af en keppendur fóru saman út að borða um kvöldið.

Laugardagurinn rann upp og þá voru rúmir 5 metrar í Draugahlíðum en smá dumbungur yfir öllu og nokkrir dropar í loftinu. Brautina var drifinn upp og á fyrsta keppnisfund kl. 10 var tilkynnt að keppni hæfist kl. 11 eða þegar droparnir væru búnir. Droparnir kláruðust svo og keppnin hófst kl. 10:50 og þar sem eingöngu voru 8 keppendur þá gekk hver umferð nokkuð hratt fyrir sig.



Smá labb var að landingunni og eftir hverja umferð færðust keppendur til um tvö sæti þannig að keyrslan var talsverð yfir daginn, göngumælirinn mótsstjóra sýndi eina 15 km.

Um tvö leytið voru svo 12 umferðir búnar þannig að það var orðið ljóst að ef veðrið héldist þá næðist að klára 20 umferðir samdægurs og þar með lyki mótinu. Gekk það eftir og þó það væri talsverð keyrsla þá var það flott að svona vel gekk því þá þurfti ekki að kalla út aðstoðarmennina daginn eftir en veikindi og aðrar fjarvistir hjuggu stórt skarð í starfsmannahópinn svo einungis um

helmingur þeirra var tiltækur þegar á reyndi. Árni, Gunní, Jón og Siggí fá kærar þakkir fyrir að standa vaktina fyrir okkur í hliðunum og við tímavörslu en án þeirra hefði þetta ekki gengið svona vel! Takk fyrir okkur strákar.

Strax frá byrjun lá fyrir að mótið yrði nokkuð sterkt en fjórir af erlendum keppendum eru fastagestir í topp 10 á alþjóðamótum og flestir verið landsliðsmenn oftast en einu sinni fyrir sína þjóð. Það kom líka á daginn og var ansi gaman að fylgjast með þeim köppum fljúga sem engin væri morgundagurinn. Við stóðum líka aðeins í hárinu á þeim og unnum eina umferð og tókum annað sætið í annarri umferð.

Átta flugmenn sem fljúga í tuttugu umferðum gera hvorki meira né minna en 160 flug án meiriháttar óhappa sem verður bara að teljast ansi gott og sýnir líka að fyrir utan góða flugmenn þá voru toppaðstæður í boði! Mark Treble lenti reyndar í því að klára rafmagnið á sinni vél í síðustu umferðinni en fyrir algjöra hundaheppni lenti hann í snjóhrúgu fyrir neðan brekkuna og rann svo út í urðina fyrir neðan. Fyrir utan smá rispur á lakki þá var eina skemmdin sú að servóbakki fyrir annan flapann losnaði. Við klikkuðum svo á að senda hann út í sjoppu að kaupa lottómiða en það er önnur saga.

Hraðasta flug mótsins átti Mark Treble í elleftu umferð en það var 39,56s en fast á hæla hans kom Siegfried Schedel með 39,92s í tólfstu umferð. Það var líka mikið af tímum á bilinu fjörutíu til fimmtíu sekúndur og erlendu



gestunum þótti einsýnt að við réttar aðstæður þá mætti fljúga brekkuna undir þrjátíu sekúndum!

Lokahófið og verðlaunaafhendingin fór svo fram hjá Guðjóni í Dalsbyggðinni að keppni lokinni. Óhætt er að segja að verðlaunagripurinn fyrir Iceland Open F3F hafi vakið mikla lukku á meðal keppenda og þótt víðar væri leitað en heiðurinn af honum á Gunnar yngri og foreldrar hans og svo græjaði Gunnar eldri plattann fyrir okkur. En þar sem mótið var líka hluti af Eurotour, og World Cup sem er á vegum FAI (Alþjóða flugmálafélagið), mótariðunum þá fá menn líka stig inn á þær og þennan flott væng í verðlaun fyrir Eurotour sigurinn, FAI var með medalíu en því miður hefur því verið hætt.

Iceland Open F3F verður næst haldið 29. apríl til 1. maí 2023, sjáumst þar!



ÚRSLIT

1. Siegfried Schedel
2. John Phillips
3. Armin Hortzitz
4. Mark Treble
5. Sverrir Gunnlaugsson
6. John Treble
7. Erlingur Erlingsson
8. Guðjón Halldórsson







1. Siegfried Schedel
3. Armin Hartzitz
2. John Phillips



FLOTFLUGKOMA FMS

Myndir: Sverrir Gunnlaugsson og Guðni Sigurjónsson

Flotflugkoma FMS var haldin þann 17. maí á Seltjörnn við Arnarvöll. Veðrið var með ágætasta móti, skyjað og smá kuldi þegar sólin faldi sig en ágætis flugveður.

Mánaðarlegar flotflugkomur voru svo á sínum stað fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði yfir sumartímann og var almenn ánægja með þessa nýjung sem byrjað var með í fyrra!



Mynd: GS



Mynd: GS



KVÖLDSTUND Á HAMRANESI



KRÍUMÓTIÐ

Það var algjör bongóblíða á Sandskeiðinu þó oft á tíðum kólnaði full mikið þegar ský dróg fyrir sólu en þá gripu menn bara næstu yfirhöfn á meðan á því stóð.

Hægur vestlægur vindur beint eftir skeiðinu var niðurstaða dagsins, með einhverri uppstreymisvirkni, misgóðri þó. Þrír keppendur fór nálægt sex mínútunum og besti tíminn í hraðafluginu var rétt rúmlega 19 sekúndur og náðu þrír keppendur að vera nær tuttugu sekúndunum heldur en þrjátíu. Mini Graphite var vinsælasta flugmódel dagsins en 3 slíkar mættu til leik en að auki voru Freestyler, Pike Precision og Respect mættar til leiks.

Sem fyrr var byrjað á tímafluginu og voru tímarnir allt frá einni og hálfri mínútu og upp í sex mínútur svo aðstæður voru breytilegar en almennt bara þökkalega góðar. Stefán varð fyrir því óláni að missa vélina niður í spilstartinu fyrir þriðju umferðina af tímafluginu og missti þar af leiðandi af hraðafluginu en tók þá í staðinn að sér hliðvörslu í B hliðinu og fær kærar þakkir fyrir það. Árni og Steini fá einnig kærar þakkir fyrir veitta aðstoð.

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	5.851
2.	Guðjón Halldórsson	4.428
3.	Erlingur Erlingsson	4.359
4.	Jón V. Pétursson	4.014
5.	Frímann V. Frímannsson	3.579
6.	Stefán Sæmundsson	988



SMÁSKALAMÓTIÐ




PIPER CUB FLUGKOMAN



STRÍÐSFUGLAFLUGKOMA EPE



Hin árlega stríðsfuglaflugkoma Einars Páls var á sínum stað á Tungubakkflugvelli í lok júlí. Oft hafa fleiri flugmenn mætt en þeir sem voru á staðnum nutu sín þeimur betur í veðurlíðunni.





FLUGKOMA FMFA

Myndir: Sverrir Gunnlaugsson og Gunnar H. Valdimarsson



Hin árlega flugkoma Flugmóðelfélags Akureyrar á Melgerðismel-um var að sjálfsgöðu á sínum stað. Mikil veðurblíða var, um 15°C, hægviðri og skýjahula.

Mikið var flogið og mikið var spjallað, veitingarnar voru á sínum stað og ófáar vöflur með rjóma runnu ljúft niður í flugmennina.



Mynd: GHV





STÓRSKALAFLUGKOMA EPE

Hin árlega Stórskalaflygkoma Einars Páls var á sínum stað, flott veður, skýjahula og svo létti til þegar leið á daginn. Múgur og margmenni mætti á svæðið með talsverðan fjölda flugmóðela og var mikið flogið og mikið fjör. Flugin gengu að mestu áfallalaust fyrir sig en afskrifa þurfti eitt flugmódel eftir hasar dagsins.





ÍSLANDSMÓTIÐ Í HANGI F3F

Kári var í stríðnissskapi þegar við mættum út í brekku um 10:30 var nánast engin vindur og svo þegar fór að blása þá var hann í hávestan og á tímabili var hann kominn í austanátt. Þetta minnti óneitanlega á aðstæðurnar í júlímótinu 2020 ásamt fleiru. Það bætti svo í þegar leið á daginn og var meðalvindurinn að jafnaði í kringum 10 m/s en þegar við vorum að hætta var hann kominn upp í 19 m/s.

Fimm flugmenn voru skráðir til leiks og voru flognar sex umferðir þannig að allt í allt voru þetta 30 flug sem voru floginn og var lökustu umferðinni hjá hverjum flugmanni hent þannig að fimm umferðir töldu til stiga.

Hraðasta fyrsta legg átti Sverrir en hann var 2,90 sekúndur í fimmtu umferð en besta tímanna átti Sverrir á 39,02 sekúndum í sjöttu umferð og var það nýtt persónulegt met hjá honum.

Aðstoðarmaðurinn Árni fær kærar þakkir fyrir aðstoðina frá keppendum og mótsstjórn.

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	5.000
2.	Jón V. Pétursson	4.225
3.	Guðjón Halldórsson	4.171
4.	Erlingur Erlingsson	4.055
5.	Sigurður Kristjánsson	3.159





ÍSLANDSMÓTIÐ Í HÁSTARTARTI F3B



Nýja spilið var vígt og voru menn sammála um að það væri talsvert öflugra en þrítugi öldungurinn sem hefur verið notaður hingað til en hann er nú aldeilis búinn að skila sínu í gegnum árin og eflaust hvíldinni feiginn!

Dagurinn gekk áfallalaust fyrir sig þrátt fyrir að nokkuð margar tilraunir hafi þurft til að hefja tímaflugið en fyrstu þrjú störtin fóru forgörðum af ýmsum ástæðum.

Sérstakar þakkir frá keppendum og mótsstjórn fær Hannes fyrir alla hjálpa.

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Jón V. Pétursson	5.011
2.	Sverrir Gunnlaugsson	4.857
3.	Guðjón Halldórsson	4.824
4.	Frímann V. Frímannsson	4.117
5.	Erlingur Erlingsson	3.989






HEIMSMEISTARAMÓTIÐ Í F3F

Íslenska landsliðið mætti til leiks í Danmörku um viku fyrir heimsmeistaramótið til æfinga og náðust nokkrir góðir dagar en fleiri landslið höfðu fengið þessa góðu hugmynd svo það var glatt á hjalla. Helgina áður en mótið hófst var forkeppni sem allir viðstaddir gátu tekið þátt í. Heimsmeistaramótið var sett á sunnudeginum 2. október og hófst svo á mánudagsmorgni og stóð yfir fram á miðjan laugardag en um kvöldið var lokahóf og verðlaunaafhending.

Fyrst dagurinn var floginn á Mors og náðist að fljúga 5 umferðir þannig að mótið var orðið löglegt en til þess þarf 4 umferðir, vindur var í kringum 10 m/s. TV2 mætti einnig á staðinn og fjallaði um mótið.

Dagur tvö var floginn í Brunbjerg og byrjaði í um 4-5 m/s en strax í fyrstu umferð dagsins jókst vindurinn upp í um 11 m/s, þannig að þegar upp var staðið þá taldi umferðin eingöngu til stiga hjá 11 flugmönnum en hent út sem lægsta stigaskor hjá hinum. Krakkar af leikskóla við hliðina á svæðinu litu í heimsókn, kannski einhverjir upprennandi svifflugmenn þar á ferð. Eftir því sem leið á daginn jókst vindurinn og fór hann upp í 19 m/s og besti tími dagsins var 33,17s.

Það var blautt þegar við fórum á fætur á þriðja degi og svo bætti bara í rigninguna þegar við nálguðumst Hanstholm. Stöðufundir voru svo teknir á klukkutíma fresti til kl. 10:30 en þá var gefið út að ekkert yrði flogið þann daginn. Því



var vel tekið af öllum viðstöddum enda miður spennandi veður til að hanga blautur út í brekku. Dagurinn var því nýttur í kærkomna hvíld og heimsókn til frænda okkar frá Noregi. Um kvöldið var svo sameiginlegur kvöldsverður þar sem boðið var upp á jólaskinku, nautkjöt og meðlæti og er óhætt að segja að það hafi mælst vel fyrir.

Dag fjögur var farið í nýja sjávarbrekku við Kallerup sem eingöngu mátti fljúga í á mótinu sjálfu. Brekkan er um 8 metrar á hæð og svo eru skálar sitt hvoru megin við miðju svo hún var mjög krefjandi. Það byrjaði heldur fjörlega með um 17 m/s og svo bætti í þegar leið að hádegi og þegar mest var þá voru hviðurnar upp í 27 m/s þannig að þá var öll ballest komin í og dugði ekki til!


Fimmti dagurinn var aftur í Kallerup og var aðeins minni vindur en samt vel yfir 20 m/s. Dagurinn gekk að mestu fyrir sig samkvæmt venju en þó endaði einn keppandi í sjónum þegar hann stundaði fremur óvenjulega loftfímleika við hlið B. Einn af starfsmönnum mótsins er tvöfaldur Járnkarl og vanur sjósundi þannig að hann dembdi sér út í og bjargaði vélinni á þurrt land.

Sjötti dagurinn var floginn á Mors og kannski vel við hæfi að ljúka mótinu á sama stað og við hófum það. Veðrið var rólegt 6-10 m/s og skúrir á stöku stað þannig að nokkrum sinnum þurfti að gera hlé á mótshaldinu.

Um kvöldið var svo verðlaunaafhending og hátíðarkvöldverður á Hótel Hanstholm þar sem viðstaddir skemmtu sér fram eftir kvöldi eftir vel heppnað heimsmeistaramót.










Tækninni hefur fleygt gríðarlega fram á seinni árum, þannig að stundum er það líkara vísindaskáldsögu heldur en raunveruleikanum.

Steini var skannaður inn í tölvu, svo var hausinn settur á bók, prentaður út í þrívíddaprentara og að lokum var eftirlíkingin máluð eftir kúnstarinnar reglum.

Sérðu hvor er hvað?







ISSN 2298-8203
9 772298 820004